

Starfsmenntasjóður verslunarinnar

Ársreikningur

2020

Starfsmenntasjóður verslunarinnar

Ársreikningur

2020

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-10

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Starfsmenntasjóðs verslunarinnar.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Starfsmenntasjóð verslunarinnar fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2020, efnahag hans 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Starfsmenntasjóð verslunarinnar, í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og stjórnenda á ársreikningnum

Stjórn og stjórnendur eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og stjórnendur eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og stjórnendur ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Starfsmenntasjóðs verslunarinnar. Ef við á, skulu stjórn og stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og stjórnendur hafi ákveðið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega víska er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórn og stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 15. júní 2021.

Deloitte ehf.

Pálína Árnadóttir
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Starfsmenntasjóðs verslunarinnar fyrir árið 2020 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Rekstrarafgangur Starfsmenntasjóðs verslunarinnar á árinu 2020 nam kr. 7.349.357. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir sjóðsins kr. 190.813.916, bókfært eigið fé í árslok er kr. 190.423.916 og er eiginfjárlutfall sjóðsins 99,8%.

Óvissuþættir og ytra umhverfi

Stjórnendur hafa metið áhrif COVID-19 faraldursins á rekstur og reikningsskil sjóðsins sem óveruleg. Tekjur hafa þó lækkað vegna fækkun sjóðsfélaga í kjölfar aukins atvinnuleysis í landinu en á móti hefur fjöldi styrktarumsókna fækkað og því lítil sem engin áhrif á afkomu eða getu sjóðsins til að standa við fjárhagslegar skuldbindingar sínar. Sjóðurinn hefur ekki nýtt sér nein þeirra úrræða sem stjórnvöld hafa boðið til að mæta áhrifum COVID-19. Stjórnendur telja jafnframt ekki vísbendingar um virðisrýrnun eigna eða vafa á innheimtanleika krafna af þessum sökum.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Að álitum stjórnar og framkvæmdastjóra Starfsmenntasjóðs verslunarinnar koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri Starfsmenntasjóðs verslunarinnar staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Reykjavík, 15. júní 2021

Í stjórn

Rekstrarreikningur ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
Iðgjöld		29.596.279	39.789.656
Úthlutaðir styrkir	3	<u>(21.071.147)</u>	<u>(34.066.510)</u>
Iðgjöld umfram styrki		8.525.132	5.723.146
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		<u>(3.212.891)</u>	<u>(3.710.762)</u>
Rekstrarhagnaður		5.312.241	2.012.384
Fjármunatekjur	4	2.611.655	5.271.483
Fjármagnsgjöld		0	(3.142)
Fjármagnstekjuskattur		<u>(574.539)</u>	<u>(1.159.678)</u>
Rekstrarafgangur ársins		<u><u>7.349.357</u></u>	<u><u>6.121.047</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eignir	Skýr.	31.12.2020	31.12.2019
Veltufjármunir			
Aðrar skammtímakröfur	5	2.316.912	3.493.442
Handbært fé	5	188.497.004	179.869.117
		<u>190.813.916</u>	<u>183.362.559</u>
Eignir		<u>190.813.916</u>	<u>183.362.559</u>
 Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Stofnframlag VR	6	8.964.350	8.964.350
Óráðstafað eigið fé		181.459.566	174.110.209
Eigið fé		<u>190.423.916</u>	<u>183.074.559</u>
Skammtímaskuldir			
Aðrar skammtímaskuldir	7	390.000	288.000
Skuldir		<u>390.000</u>	<u>288.000</u>
Eigið fé og skuldir		<u>190.813.916</u>	<u>183.362.559</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		5.312.241	2.012.384
Breytingar rekstartengda eigna og skulda		1.278.530	(1.613.731)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		<u>6.590.771</u>	<u>398.653</u>
Innborgaðaðar vaxtatekjur		2.611.655	5.271.483
Greiddur fjármagnstekjuskattur		(574.539)	(1.162.820)
Handbært fé frá rekstri		<u>8.627.887</u>	<u>4.507.316</u>
Hækkun handbærs fjár		8.627.887	4.507.316
Handbært fé í upphafi árs		179.869.117	175.361.801
Handbært fé í lok árs		<u>188.497.004</u>	<u>179.869.117</u>

Skýringar

1. Starfsemi

Starfsmenntasjóður verslunarinnar var stofnaður á grundvelli kjarasamnings á milli VR og LÍV annars vegar og FA hins vegar sem tók gildi þann 1. febrúar árið 2000.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur á Íslandi. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

Innheimt iðgjöld á tímabilinu eru tekjufærð sem iðgjöld tímabilsins. Óinnheimt iðgjöld í árslok 2020 eru ekki reiknuð.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sjóðsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á sjóðinn, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir sjóðnum, s.s. hlutdeildarfélag og samrekstrarfélag. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila. Helstu aðilar sem eru tengdir sjóðnum eru VR, LÍV og FA, ásamt stjórnendum hans.

3. Styrkveitingar

Úthlutaðir styrkir skiptast þannig:

Styrkir til starfsmanna aðildarfyrirtækja:	2020	2019
VR	18.454.675	29.723.182
FVSA	360.643	477.800
Fræðslustyrkir FA	2.255.829	3.865.528
Samtals úthlutaðir styrkir	21.071.147	34.066.510

Skýringar

4. Fjármunatekjur

	2020	2019
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	2.611.537	5.271.263
Vaxtatekjur af félagsgjöldum og iðgjöldum	118	220
	<u>2.611.655</u>	<u>5.271.483</u>

5. Aðrar peningalegar eignir

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2020	31.12.2019
Lífeyrissjóður Verslunarmanna	1.789.042	2.765.908
F.V.S. Akureyri	69.141	18.327
VR	458.729	709.207
	<u>2.316.912</u>	<u>3.493.442</u>

Handbært fé

Handbært fé sjóðsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2020	31.12.2019
Bankainnstæður	188.497.004	179.869.117

6. Eigið fé

	Stofnfé VR	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2019	8.964.350	167.989.162	176.953.512
Rekstrarafgangur ársins	0	6.121.047	6.121.047
Eigið fé 31.12.2019	8.964.350	174.110.209	183.074.559
Rekstrarafgangur ársins	0	7.349.357	7.349.357
Eigið fé 31.12.2020	<u>8.964.350</u>	<u>181.459.566</u>	<u>190.423.916</u>

7. Aðrar peningalegar skuldir

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2020	31.12.2019
Skuld við VR	390.000	288.000
	<u>390.000</u>	<u>288.000</u>

Skýringar

8. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á sjóðinn, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir sjóðnum, s.s. hlutdeildarfélag og samrekstrarfélag. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskipti við tengd félög árið 2020:	Iðgjöld	Úthlutaðir styrkir	Kröfur	Skuldir
VR	5.760.835	18.454.675	458.729	390.000
Lífeyrissjóður verslunarmanna	23.043.333	0	1.789.042	0
FA	0	2.255.829	0	0
	<u>28.804.168</u>	<u>20.710.504</u>	<u>2.247.771</u>	<u>390.000</u>
Viðskipti við tengd félög árið 2019:	Iðgjöld	Úthlutaðir styrkir	Kröfur	Skuldir
VR	7.804.375	29.723.182	709.207	288.000
Lífeyrissjóður verslunarmanna	31.217.499	0	2.765.908	0
FA	0	3.865.528	0	0
	<u>39.021.874</u>	<u>33.588.710</u>	<u>3.475.115</u>	<u>288.000</u>

9. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 10.mái 2021

Sundurliðanir

	2020	2019
Seldar vörur og þjónusta		
Innheimt iðgjöld LV	23.043.333	31.217.499
Innheimt iðgjöld hjá FVSA	633.688	614.226
Iðgjöld framlag VR	5.760.835	7.804.375
Iðgjöld framlag FVSA	158.423	153.556
	<u>29.596.279</u>	<u>39.789.656</u>
Styrkir		
Fræðslustyrkir VR/LÍV	18.454.675	29.723.182
Fræðslustyrkir FA	2.255.829	3.865.528
Fræðslustyrkir FVSA	360.643	477.800
	<u>21.071.147</u>	<u>34.066.510</u>
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		
Endurskoðun og reikningsskil	401.946	349.990
Önnur aðkeypt þjónusta	0	29.661
Fundir og ráðstefnur	406.856	29.531
Innheimtukostnaður	595.095	798.866
Þóknun greidd til FA	1.008.994	1.302.714
Þóknun greidd til VR	800.000	1.200.000
	<u>3.212.891</u>	<u>3.710.762</u>